

## ROF-2017-14 Námskeiðahald í listsköpun

Markmiðið með verkefninu er að fólk á öllum aldri geti unnið að listsköpun og nýtt vinnustofu umsækjanda og húsnæði Kaupfélagsins. Hugmyndin er að bjóða upp á handverksnámskeið af ýmsu tagi, sem dags- eða helgarnámskeið. Jafnvel að nýta þekkingu eldri borgara á námskeiðunum. Sótt er um styrk til að auglýsa námskeiðin og prenta kynningarbækling.

Áhugavert verkefni, en árangur veltur á markaðssetningu. Umsækjandi er hvattur til samstarfs við þekkingarnet Þingeyinga um kynningu og framkvæmd verkefnisins.

Verkefninu var úthlutað kr. 250.000.- í seinni úthlutun ársins 2017.